

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 20. október 2021

Mál nr. S-3047/2021:

## Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Kristín Einarsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

**Herluf Ingvari Clausen**

(Sigmundur Hannesson lögmaður)

### Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 22. september 2021, er höfðað með ákæru, útgefinni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 8. júní 2021, á hendur Herluf Ingvari Clausen, kt. [...], [...], Reykjavík, fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, miðvikudaginn 10. mars 2021, ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist tetrahýdrókannabínól 22 ng/ml) norður Dalhús í Reykjavík, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 101. gr. laga nr. 77/2019.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og hæfilegrar þóknunar sér til handa.

Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu þegar sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Um ákvörðun viðurlaga tók verjandi ákærða fram að þær sektargeturdir sem ákærði gekkst undir voru vegna brota sem ákærði drýgði áður en hann öðlaðist ökurétt en ákærði hafi öðlast ökurétt 21. desember 2020. Því væri í raun um fyrsta brot ákærða að ræða og eldri brot hans ættu ekki að hafa ítrekunaráhrif í þessu máli. Varðandi ítrekunaráhrif vísaði verjandi ákærða til þess að fyrir þeim þyrfti að vera kristaltær lagastoð sem væri ekki að finna í 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá krafðist verjandinn að refsing ákærða yrði skilorðsbundin ef niðurstaðan yrði fangelsis

refsing en það væri í höndum dómara að ákvarða refsinguna og hann tæki sjálfstæða ákvörðun um refsingu og hendur hans væru ekki bundnar í því sambandi. Í samræmi við framangreint beri ekki að svipta ákærða ökurétt ævilangt en fyrir því sé ekki að finna heimild í 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Verjandi ákærða benti einnig á að við fyrstu fyrirtöku málsins hafi ákærvaldið farið fram á að ákærði yrði sviptur ökurétti í 3 ár og ákærvaldið geti ekki breytt afstöðu sinni varðandi lengd sviptingar milli þinghalda.

Ákærði hefur skýlaust játað brot sín. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsiakvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 1. júní 2021, hefur ákærða í tvígang áður verið gerð refsing fyrir sambærileg brot og hann er nú sakfelldur fyrir. Ákærði gekkst undir lögreglustjórásátt 30. janúar 2017 fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og án þess að hafa öðlast ökuréttindi. Ákærði var jafnframt sviptur ökurétti í 4 mánuði frá þeim degi að telja. Ákærði gekkst undir lögreglustjórásátt á ný 1. febrúar 2018 fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna, sviptingarakstur og vörslur fíkniefna. Ákærði var einnig sviptur ökurétti í 24 mánuði frá þeim degi að telja. Sakaferill ákærða kemur að öðru leyti ekki til skoðunar við ákvörðun refsingar nú.

Það að ákærði hafi ekki öðlast ökurétt áður en hann drýgði þau brot sem lokið var með lögreglustjórásáttum 30. janúar 2017 og 1. febrúar 2018 breytir því ekki að honum hefur í tvígang verið gerð refsing fyrir að aka undir áhrifum ávana- og fíkniefna. En samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 má enginn stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Er það bann óháð því hvort viðkomandi hafi öðlast ökurétt eður ei. Varðandi ítrekunaráhrif þá hefur Hæstiréttur Íslands fastmótað dómvænju þess efnis að brot gegn 49. gr. og 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hafi ítrekunaráhrif með vísan til 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá hafa sektargerðir ítrekunaráhrif með sama hætti og dómar sbr. lokamálslið 3. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1940. Við ákvörðun refsingar í þessu máli verður því miðað við að ákærði hafi nú í þriðja sinn innan ítrekunartíma í skilningi 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 gerst sekur um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

Með hliðsjón af fastmótaðri dómvænju og sakarefni þessa máls þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Með vísan til sakaferils ákærða og dómvænju um ítrekuð umferðarlagabrot þykja ekki efni til að skilorðsbinda refsingu ákærða.

Verjandi benti á að ákærvaldið hefði við fyrstu fyrirtöku farið fram á að ákærði yrði sviptur ökurétti í 3 ár en breytt afstöðu sinni í næsta þinghaldi og farið fram á að ákærði yrði sviptur ökurétti ævilangt. Í ákæru er krafist að ákærði verði dæmdur til

refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 101. gr. laga nr. 77/2019.

Fram kemur í 180. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 að hvorki megi dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Þó megi sakfella ákærða þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari að vörn hans hafi ekki verið áfátt þess vegna. Dómari geti gefið aðilum færi á að tjá sig um atriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Með sömu skilyrðum er dómara rétt að dæma eftir öðrum refsiaákvæðum en fram koma í ákæru, en þó aldrei aðrar kröfur en þar greinir. Þá kemur fram í 2. mgr. sömu greinar að dómari sé að öðru leyti óbundinn af kröfum aðila og yfirlýsingum nema þær varði kröfur skv. XXVI. kafla laganna.

Líkt og fyrr greinir þá er í ákæru gerð sú krafa að ákærði verði sviptur ökurétti skv. 101. gr. laga nr. 77/2019. Verður með vísan til framangreinds litið svo á að dómari sé ekki bundinn af yfirlýsingu ákæruvaldsins um lengd ökuréttarsviptingar ákærða. Í samræmi við það og að ákærði er nú sakfelldur fyrir að hafa í þriðja sinn gerst sekur um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna, lagaákvæða í ákæru og fastmótaðrar dómvenju í sambærilegum málum er ákærði sviptur ökurétti ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar lögmanns, 259.160 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, og 78.123 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Katrín Ólöf Einarsdóttir aðstoðarsaksóknari fyrir Kristínu Einarsdóttur saksóknarfulltrúa.

Snorri Örn Clausen, aðstoðarmaður dómara, kveður upp dóminn.

#### **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, Herluf Ingvar Clausen, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar lögmanns, 259.160 krónur og 78.123 krónur í annan sakarkostnað.

Snorri Örn Clausen